

Leiðarvísir fyrir notkun rafhlaðna í heyrnartækjum.

Rafhlöður eru mikilvægur hluti heyrnartækja því án straums virka tækin einfaldlega ekki. Ef farið er eftir þessum leiðbeiningum á notkun rafhlaðna gæti það leitt til lengri endingartíma.

Hvernig virka rafhlöðurnar

Algengustu rafhlöðutegundirnar fyrir heyrnartæki í dag nota svokallaða zink súrefnistækni sem þýðir að súrefni virkjar rafhlöðuna.

Þegar límmiðinn er fjarlægður sérðu lítil göt á rafhlöðunni; Súrefnið kemst niður um götin og hún þar með virkjust.



Það er súrefnið sem virkjar rafhlöðuna!

Þegar búið er að fjarlægja límmiðann þarf gefa rafhlöðunni tíma til að virkjust áður en hún er sett í tækið. Ferlið tekur um eina mínútu.

Af hverju? Ástæðan er að súrefnið þarf tíma til að komast inn í rafhlöðuna. Ef rafhlaðan er sett í tækið strax eftir að miðinn hefur verið fjarlægður getur það takmarkað súrefnið sem þarf til að virkja hana og hún gæti talist ónýtt því spennan hefur ekki náð hámarki. Ef þetta gerist taktu rafhlöðuna úr tækinu og leyfðu súrefni að komast að henni í um eina mínútu og prófaðu aftur.



Þær eru bestar nýjar

Eins og allar rafhlöður, munu zink rafhlöðurnar missa hleðslu með tímanum (minna en 10% á ári með límmiðanum á). Mælt er með því að versla rafhlöður oftast fremur en að geyma lengi því þær verða lélegri með tímanum.

Skoðaðu vandlega best fyrir dagsetninguna á pakknum.



Spenna rafhlöðunnar

Uppgefið er að rafhlaðan veiti 1.45 volt en með límmiðanum á mælist hún 1.1-1.3 volt. Þegar límmiðinn er fjarlægður virkjust rafhlaðan og spennan fer í 1.45 volt við það. Ferlið getur tekið nokkra klukkutíma.



Líftími rafhlöðunnar

Algeng spurning er hversu lengi endast rafhlöðurnar. Í markaðsrannsókn var þessi spurning borin fram fyrir tækjanotendur og niðurstöðurnar sjást hér í töflunni til hliðar. Á henni sést hversu mismunandi endingartíminn getur verið.

Rafhlöðustærð	Endingartími
10	3 - 10 dagar
312	3 - 12 dagar
13	6 - 14 dagar
675	9 - 20 dagar

Í hnotskurn...

Það er ekkert eitt svar við spurningunni um rafhlöðuendingu sem passar fyrir alla. Til þess að komast að réttari niðurstöðu verður að skoða alla mögulega þætti sem hafa áhrif á endingu rafhlaðna svo fá dæmi séu nefnd tækjastilling, heyrnarskerðing, umhverfisljóð, veðurfar ásamt öðrum þáttum.

Þættir sem hafa áhrif á endingu rafhlaðna

Það er margt sem getur haft áhrif á endingartíma rafhlöðu heyrnartækja. Hér fyrir neðan er farið yfir helstu atriði. Þegar þessi atriði eru tekin saman sést hversu mismunandi þetta getur verið hjá hverjum og einum, þetta er nánast eins og fingrafar hvers og eins.

Heyrnarskerðing

Eftir því sem heyrnarskerðingin er meiri þurfa tækin meiri mögnun og við það eykst straumnotkun sem stýttir líftíma rafhlöðunnar



Umhverfisljóð

Umhverfisljóð hafa mikil áhrif á endingu rafhlöðunnar. Straumnotkun er minni inni á bókasafni en á háværum stöðum. Einnig ef styrkur er í efstu stöðu draga tækin meiri straum og við það stýttist endingartíminn.

Heyrnartækjanotkun

Tvennt sem þarf að hafa í huga:

- Hversu mikil notkun yfir daginn?
- Hversu marga daga vikunnar?



Tækni og tengingar

Eftir því sem tæknin er meiri þarf oft meiri straum. Stafræn tæki í dag bjóða upp á þráðlausar tengingar, straumspilun, Bluetooth og hávaðavörn og þar þarf meiri straum. Hér fyrir neðan sérðu muninn á straumnotkun eftir tæknimöguleikjum heyrnartækja.

1.94mAh Venjuleg Stilling	3.17mAh Þráðlaus tenging	4.27mAh Bluetooth Síma	4.28mAh Hljóðnemii Streymi	4.32mAh Útvarp streymi

Umhverfið



Þurrkur | Í þurru loftslagi getur rafhlaðan þornað upp og við það stýttist endingartíminn.



Hiti | Eftir því sem hiti lækkar lækkar spennan rafhlöðunnar sem dregur úr endingartímanum.




Rakastig | Ef rakastig í lofti er hátt getur það myndað leiðni sem gerir það að verkum að rafhlaðan afhleður sig.



Lofthæð | Eftir því sem við erum hærra yfir sjávarmáli lækkar súrefnismagnið sem getur dregið úr endingartímanum.

Hvernig er best að geyma rafhlöður?

- Geymið rafhlöður við stofuhita
- Forðist geymslu á heitum stöðum þar sem það stýttir endingartímann
- Ekki skal geyma rafhlöður í kæli
- Rafhlöður skulu helst geymdar í hylki en ekki í lausu í vösum þar geta þær komist í snertingu við málm og afhlaðist.
- Passið að börn komist ekki í rafhlöðurnar




Ending rafhlöðu eftir framleiðslu?

Viðmiðið er 4 ár frá framleiðslutíma



Hvert skila ég notuðum rafhlöðum?

Í evrópskum lögum og tilskipunum er þess getið að skylt sé að endurvinna rafhlöður hægt er að fara með rafhlöður í Sorpu til endurvinnslu.



Hversu oft á ég að skipta um rafhlöður?

Þegar þú hefur notað heyrnartækin í einhvern tíma finnur þú út hvaða stillingar henta þér best og þar með líftíma rafhlaðnanna. Vertu alltaf með vara rafhlöður til taks.

Til frekari upplýsingar

Vefsíða framleiðanda Rayovac www.rayovac.eu

Upplýsingar varðandi umgegni rafhlaðna: goo.gl/LkYO23

Upplýsingar er varða öryggi á notkun rafhlaðna: goo.gl/U2qA7U